

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 16. apríl 2026.

Mál nr. 351/2025:

A

(Gísli Kr. Björnsson lögmaður)

gegn

Icelandair ehf.

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Lykilorð

Hæfi dómara.

Útdráttur

Hafnað var kröfu A um að landsréttardómari viki sæti í málinu.

Dómur Landsréttar

Landsréttardómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 12. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 2025 í málinu nr. E-[...]/2022.
- Í þessum þætti málsins er til úrlausnar krafa áfrýjanda um að landsréttardómari Ingibjörg Þorsteinsdóttir viki sæti í málinu sökum vanhæfis. Málið var flutt munnlega fyrir Landsrétti 9. apríl 2026 um kröfu hennar.

Málsatvik og málsástæður aðila

- Með tölvupósti Landsréttar 3. mars 2026 voru aðilar upplýstir um að málinu hefði verið úthlutað til landsréttardómara Ingibjargar Þorsteinsdóttur, Jóns Höskuldssonar og Kristbjargar Stephensen. Með tölvupósti 30. sama mánaðar barst réttinum krafa áfrýjanda um að landsréttardómari Ingibjörg Þorsteinsdóttir viki sæti í málinu sökum vanhæfis.
- Krafa áfrýjanda um að landsréttardómari viki sæti er reist á g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Því til stuðnings er vísað til þess að dómari hafi áður komið að öðru máli á hendur áfrýjanda þegar hún var dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Málið sem um ræðir var [...][...], var það mat þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, Ingibjargar Þorsteinsdóttur, að sakarefni málsins væri þannig vaxið að draga mætti óhlutdrægni allra dómara við dómstólinn með réttu í efa. Væru aðrir dómara við dómstólinn því einnig vanhæfir til að dæma málið á grundvelli g-liðar 1. mgr. sömu greinar. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur [...] var því

öllum dómurum við dómstólinn gert að víkja sæti í málinu. Telur áfrýjandi af þessum sökum þau atvik eða aðstæður vera fyrir hendi í þessu máli sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómarans í efa.

- 5 Við munnlegan flutning um þennan þátt málsins lýsti lögmaður stefnda því yfir að hann myndi ekki láta hann til sín taka og lagði málið í mat dómsins.

Niðurstaða

- 6 Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í lögskýringargögnum með ákvæðinu segir að skilyrðið um óhlutdrægan dómstól feli í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og að aðilar njóti jafnræðis að því leyti. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína einkum til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en þar segir að þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti skuli hann eiga rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli.
- 7 Fyrirmæli um sérstakt hæfi dómara til að fara með og dæma einkamál er að finna í 5. gr. laga nr. 91/1991. Þar er lýst nánar tilgreindum atvikum eða aðstæðum í staflíðum a til f. Þegar þeim liðum sleppir segir síðan í g-lið greinarinnar að dómari sé vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Á þessum staflíð greinarinnar byggir áfrýjandi þá kröfu sína sem hér er til úrlausnar.
- 8 Þegar lagt er mat á hæfi dómara til að fara með mál er þess að gæta að tilgangur hæfisreglna að réttarfarslögum er ekki aðeins að koma í veg fyrir að dómari dæmi mál ef hann er hlutdrægur gagnvart aðilum þess eða sakarefninu, heldur jafnframt að tryggja traust bæði aðila máls og almennings til dómstóla með því að dómari standi ekki að úrlausn máls þegar réttmætur vafi gæti risið um óhlutdrægni hans. Við þessar aðstæður ber dómara að víkja sæti eins og ítrekað hefur verið slegið föstu í dómafrankvæmd Hæstaréttar, sbr. til dæmis dóma réttarins 1. nóvember 2022 í máli nr. 22/2022, 1. mars 2023 í máli nr. 40/2022 og 18. október 2023 í máli nr. 7/2023.
- 9 Við mat á því hvort fyrir hendi séu í málinu ytri atvik eða aðstæður sem gefi aðilum réttmætt tilefni til að óttast megi um óhlutdrægni landsréttardómarans er til þess að líta að því er ekki haldið fram af hálfu áfrýjanda að dómari hafi tengsl við sakarefni málsins, málsaðila, vitni eða málflytjendur, heldur líta þær að úrskurði sem dómari kvað upp í fyrra starfi sínu sem dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í öðru máli en því sem hér er um ræðir og höfðað var á hendur áfrýjanda, líkt og áður greinir.
- 10 Þá er til þess að líta að þótt dómari í einkamáli hafi áður dæmt um sakarefni í einu máli leiðir það eitt ekki til vanhæfis hans í öðru máli að málsaðili sé þar hinn sami og atvik að einhverju leyti hin sömu, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 10. júní 2009 í máli nr. 263/2009 og 30. ágúst 2000 í máli nr. 305/2000. Þá veldur seta dómara í máli sem hann hefur áður dæmt ekki vanhæfi hans í málum um hliðstætt sakarefni, sbr. til

hliðsjónar dóm Hæstaréttar 10. desember 2020 í máli nr. 20/2020. Það sama gildir þegar niðurstaða fyrra máls sem dómari hefur sett í kann að hafa einhverja þýðingu í síðara máli, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 11. febrúar 2004 í máli nr. 6/2004. Um framangreint er jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar 23. nóvember 2023 í máli nr. 49/2023.

- 11 Það eitt að landsréttardómarinn hafi í embætti sínu sem dómstjóri úrskurðað um vanhæfi allra dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, í öðru og óskyldu máli gagnvart áfrýjanda, getur ekki valdið því að dómarinn verði talinn vanhæfur til meðferðar þessa máls í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 enda liggur ekkert fyrir um að tengsl séu á milli þessara tveggja mála. Þá hefur ekkert komið fram um að landsréttardómarinn hafi einhver þau viðhorf til málsaðila eða sakarefnisins að hæfi hennar til að dæma málið verði með réttu dregið í efa.
- 12 Að virtu því sem að framan er rakið verður ekki fallist á með áfrýjanda að fyrir hendi séu atvik eða aðstæður sem eru til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni landsréttardómarans Ingibjargar Þorsteinsdóttur með réttu í efa í skilningi g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Verður kröfu áfrýjanda um að hún víki sæti í málinu því hafnað.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu áfrýjanda, A, um að landsréttardómarinn Ingibjörg Þorsteinsdóttir víki sæti í máli þessu.